

Alþingi, efnahags- og skattanevnd  
Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2010 02-2010040537  
T-ums 25/10

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og lögum um tryggingagjald með síðari breytingum - 591. mál, þskj. 992**

Ríkisskattstjóri hefur þann 19. apríl 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og lögum um tryggingagjald -591. mál, þskj. 992.

Frumvarpið fjallar um Starfsendurhæfingarsjóð, aðild að honum og iðgjald til sjóðsins.

Í a-lið 1. gr. frumvarpsins kemur fram að öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sé skylt að tryggja sér rétt til starfsendurhæfingar með greiðslu iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs. Hvergi kemur fram hvernig greiðslu launamanns sjálfs er ákvörðuð eða hvernig hann innir hana af hendi til tryggingar rétti til starfsendurhæfingar. Aftur á móti kemur fram í b-lið 1. gr. að iðgjald launagreiðenda til Starfsendurhæfingarsjóðs skuli vera 0,13% af stofni iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda, þ.e. af launagreiðslum skv. nánari skilgreiningu þar um. Af athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins má ráða að fyrirkomulagið verði þannig að launagreiðendur greiði það iðgjald sem tryggir launamönnum rétt til starfsendurhæfingar en í b-lið ákvæðisins er það nefnt iðgjald launagreiðenda. Að mati ríkisskattstjóra er þetta orðalag óskýrt og væri til bóta ef skýrt væri tekið fram hvort launagreiðandinn sé raunverulegur greiðandi iðgjaldsins eða hvort draga eigi það af launum launþegans og að launagreiðandi sjái um að skila því til Starfsendurhæfingarsjóðs.

Í b-lið 1. gr. frumvarpsins kemur enn fremur fram að lífeyrissjóðir skuli greiða 0,13% af iðgjaldastofni sínum til sjóðsins og þá kemur fram í c-lið 1. gr. frumvarpsins að vegna starfsendurhæfingar sjóðfélaga skuli lífeyrissjóðir greiða 0,13% af iðgjaldastofni skv. 1. mgr. 3. gr. laganna til Starfsendurhæfingarsjóðs. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, teljast ekki til iðgjaldsstofns eftirlaun og lífeyrir sem lífeyrissjóður greiðir. Að mati ríkisskattstjóra er ekki ljóst af orðalagi b- og c-liðar 1. gr. frumvarpsins hvort lífeyrissjóðum sé ætlað að greiða 0,13% af þeim iðgjöldum sem þeir fá greidd samkvæmt lögum nr. 129/1997, eða hvort að með iðgjaldsstofni sé átt við iðgjaldsstofn sem iðgjöld til lífeyrisgreiðslna reiknast af.

Ríkisskattstjóri leyfir sér, af þessu tilefni, að gera tillögur að eftirfarandi breytingum :

Ákvæði 2. mgr. a-liðar 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

*„Öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal frá og með 16 ára til 70 ára aldurs skal tryggður réttur til starfsendurhæfingar með greiðslu iðgjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs.“*

Ákvæði b-liðar 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

*„ Tekjur Starfsendurhæfingarsjóðs eru eftirfarandi:*

*Af iðgjaldsstofni sbr. 3. gr. skulu eftirtaldir aðilar greiða 0,13% til Starfsendurhæfingarsjóðs vegna allra launamanna frá og með 16 ára aldri til 70 ára aldurs:*

*1. Launagreiðendur skv. 7. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda*

*2. Lífeyrissjóðir sbr. 60. gr.*

*3. Tekjur af almennu tryggingagjaldi, sbr. 5. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990.*

*Iðgjald til Starfsendurhæfingarsjóðs skal greitt reglulega í hverjum mánuði. Launagreiðendur skulu standa skil á iðgjaldi skv. 1. mgr. með sama hætti og gildir um lífeyrisiðgjald sbr. 2. mgr. 7. gr. til viðkomandi lífeyrissjóðs. Lífeyrissjóður skal standa Starfsendurhæfingarsjóði skil á iðgjaldi frá launagreiðendum ásamt iðgjaldahluta sínum skv. 60. gr.“*

Ákvæði 60. gr. orðist svo:

*Vegna starfsendurhæfingar sjóðfélaga skulu almennir lífeyrissjóðir og lífeyrissjóðir sem starfa samkvæmt sérlögum og staðfestri reglugerð, sbr. 54. gr., greiða til Starfsendurhæfingarsjóðs, sbr. 59. gr. Fyrsta greiðsla er reiknuð af iðgjaldastofni júlímánaðar 2010. Gjaldldagi gjaldsins skal vera tíundi næsta mánaðar eftir að launagreiðandi hefur staðið skil á lífeyrisiðgjaldi skv. 2. mgr. 7. gr. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og gjaldið fellur í gjaldldaga.*

Í frumvarpinu er lagt að 3. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, verði breytt þannig að 0,13% af gjaldstofni skv. III. kafla laganna renni til Starfsendurhæfingarsjóðs. Ákvæði 3. gr. í núverandi mynd mælir þegar fyrir um ráðstöfun tryggingagjaldsins til ákveðinna málaflokka, þannig að heppilegt væri að tekin væri afstaða til þess, hvort og hvaða áhrif þessi aukna ráðstöfun hefur gagnvart öðrum „rétthöfum“ við úthlutun á tryggingagjaldi.


Ríkisskattstjóri leyfir sér jafnframt að benda á að launagreiðendur verða ekki að lögum krafðir um fullt tryggingagjald af launagreiðslum til EES-ríkisborgara sem ráðnir eru til skemmri tíma hér á landi enda sé sýnt fram á með svokölluðu E-101 vottorði að launþeginn falli undir tryggingalöggjöf heimaríkisins


þrátt fyrir tímabundið starf á Íslandi. Ekki er þannig greiddur sá hluti tryggingagjalds sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs, Tryggingastofnunar ríkisins og Fæðingarorlofssjóðs af launum þessara starfsmanna. Ekki kemur skýrt fram í frumvarpinu hvort þessi hluti almenna tryggingagjaldsins, þ.e. 0,13%, sem nú á að renna til Starfsendurhæfingarsjóðs skuli áfram greiddur af launagreiðendum þeirra launþega sem hafa E-101 vottorð eða ekki.

Ennfremur vill ríkisskattstjóri vekja athygli á því að gera þarf breytingar á 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, ef iðgjald í Starfsendurhæfingarsjóð á að teljast til frádráttarbærs rekstrarkostnaðar hjá launagreiðendum og sjálfstætt starfandi mönnum.

Að síðustu vekur ríkisskattstjóri athygli á því að í frumvarpinu er ekkert kveðið á um hvort og hvernig eigi að sinna eftirliti með greiðslu iðgjalda í Starfsendurhæfingarsjóð.

Virðingarfyllst

  
Ingvar J. Rögnvaldsson

  
Guðrún J. Jónsdóttir